

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stöðu biðlista í leikskólum**

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 26. júní 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

*Óskað er eftir því að í sumarleyfi borgarstjórnar fái fulltrúar í skóla- og frístundaráði sendar upplýsingar um uppfærða stöðu biðlista eftir leikskóla.*

#### **Svar:**

Þann 1. september 2023 voru samtals 658 börn 12 mánaða og eldri á biðlista eftir leikskólaplássi í borgarrekna leikskóla, þar af eru 98 börn 18 mánaða og eldri. Til viðbótar eru 67 börn að bíða eftir flutningi úr sjálfstætt starfandi leikskóla. Mörg elstu barnanna á biðlistanum hafa nýverið bæst við vegna flutninga til borgarinnar.

Aðlögun í bæði borgarrekna og sjálfstætt starfandi leikskóla er í fullum gangi. Börnin byrja í aðlögun eftir skipulagi, oft elstu börnin fyrst og svo eru börnin tekin inn eftir aldri og eftir því sem nýráðið starfsfólk hefur störf.

Börn sem eru að fara að hefja vistun í sjálfstætt starfandi leikskólum en eru á biðlista eftir borgarreknunum leikskólum detta ekki út af biðlistanum fyrr en vistun hefst í sjálfstætt starfandi leikskólunum. Ljóst er að talsverður hluti þessara 658 barna sem ekki eru í leikskóla í Reykjavík í dag eru með vilyrði fyrir leikskólaplássi í sjálfstætt starfandi leikskóla þó að vistun sé ekki hafin. Ekki er vitað að svo stöddu hver sá fjöldi er.

Áætla má að 80-150 reykvísk börn fái úthlutað plássi hjá sjálfstætt starfandi leikskólum á næstunni og á komandi vetri. Þá má gera ráð fyrir að flest þeirra 375 barna sem skráð voru í vistun hjá dagforeldrum þann 1. september 2023 séu á biðlista eftir leikskólaplássi.

Að þessu sögðu má áætla að um 200 börn af þeim 658 börnum 12 mánaða og eldri sem eru á biðlistanum séu ekki komin með vilyrði fyrir vistun eða séu í vistun í öðru sveitarfélagi. Taka má fram að fá skrá sig af biðlista um leið og þau flytja frá borginni en þau sem flytja til borgarinnar bætast hins vegar fljótt á biðlistann.



Tafla 1: Fjöldi barna á biðlista eftir leikskólaplássi, aðeins 1. val talið og ekki flutningsumsóknir. Flutningsumsóknir geta haft áhrif á hvar í röðinni önnur börn með nýjar umsóknir lenda á biðlista í hverjum leikskóla fyrir sig en þar sem flutningsumsóknir er færsla á milli leikskóla er ekki rétt að telja þær með í heildarfjöldanum.

Leikskóli	12- 18 mánaða	18 mánaða og eldri
Austurborg	14	4
Álftaborg	14	3
Árborg	3	1
Ártúnsskóli leikskóladeild	2	0
Bakkaborg	11	1
Berg	5	0
Bjartahlíð	14	0
Blásalir	4	0
Borg	10	0
Brákarborg	10	1
Brekkuborg	10	2
Dalskóli	18	2
Drafnarsteinn	10	1
Engjaborg	11	3
Fífuborg	3	1
Funaborg	5	0
Furuskógur	11	5
Garðaborg	2	0
Geislabaugur	11	3
Grandaborg	1	0
Grænaborg	10	1
Gullborg	9	2
Hagaborg	7	2
Hamrar	7	2
Hálsaskógur	7	0
Heiðarborg	8	1
Hlíð	6	1
Hof	11	1
Holt	4	1
Hólaborg	8	1
Hraunborg	4	1
Hulduheimar	7	3
Jöklaborg	5	2
Jörfi	12	4
Klambrar	6	1
Klettaborg	4	2
Kvistaborg	3	3
Langholt	18	2
Laufskálar	5	1
Laugasól	4	1
Lyngheimar	11	3



## Reykjavíkurborg

Maríuborg	9	0
Miðborg	14	5
Múlaborg	13	1
Nóaborg	7	0
Rauðaborg	6	0
Rauðhóll	15	2
Reynisholt	7	0
Rofaborg	11	1
Seljaborg	4	1
Seljakot	5	4
Sólborg	6	2
Stakkaborg	5	2
Steinahlíð	3	0
Suðurborg	5	0
Sunnuás	4	1
Sunnufold	6	1
Sæborg	10	3
Tjarnarborg/Öldukot	8	3
Ungbarnaleikskólinn Bríetartúni	21	0
Ungbarnaleikskólinn Hallgerðargötu	30	2
Vesturborg	5	0
Vinagerði	6	3
Ægisborg	8	2
Ævintýraborg Eggertsgötu	9	0
Ævintýraborg Nauthólsvegi	9	2
Ævintýraborg Vogabyggð	7	1
Ösp	2	0
<b>Samtals</b>	<b>560</b>	<b>98</b>